

Einar Sveinbjörnsson, Guðmundur Hafsteinsson, Hreinn Hjartarson,
Kristín Hermannsdóttir, Trausti Jónsson, Þórður Arason

Veðurathuganir á Íslandi - Staða og nánasta framtíð

Skýrsla Veðurathugunarteymis 2006

Efnisyfirlit

- 1 Inngangur
- 2 Skilgreiningar stöðvaflokka og stöðlun þeirra
- 3 Markmið veðurathugana
 - 3.1 Langtímavöktun veðurfars
 - 3.1.1 Breytingar á langtímavöktun
 - 3.1.2 Loftþrýstingur
 - 3.1.3 Hiti
 - 3.1.4 Hámarks- og lágmarkshiti
 - 3.1.5 Raki
 - 3.1.6 Vindur
 - 3.1.7 Úrkomumælingar
 - 3.1.8 Sjávarhiti
 - 3.1.9 Sólskinsstundamælar
 - 3.1.10 Jarðvegshiti og sólgeislun
 - 3.1.11 Háloftaathuganir
 - 3.1.12 Metnir veðurþættir
 - 3.2 Rauntímavöktun vegna öryggis- og afkomusjónarmiða
 - 3.2.1 Alþjóðlegar skyldur
 - 3.2.2 Vöktun á spásvæðum Veðurstofu Íslands
 - 3.2.3 Sértekur þarfir og mælingar annarra
 - 3.2.4 Veðurathuganir vegna reiknilíkana
 - 3.3 Athuganir í þágu rannsókna á náttúrufari landsins
 - 3.4 Fræðilegar rannsóknir tengdar athugunum
- 4 Tillögur
 - 4.1 Almenn markmið
 - 4.2 Bryn mál sem hrinda á í framkvæmd á næstu árum og aðrar mælingar sem mikilvægt er að viðhalda.
 - 4.3 Aðrar úrbætur á mælingum Veðurstofunnar

5 Eftirmáli

Viðauki 1

Veðurathugunarstöðvar í rekstri Veðurstofunnar 1. janúar 2007.

Viðauki 2

Kröfur WMO til veðurathugana sem gagnast eiga í alþjóðlegu upplýsinganeti athugana í rauntíma (á ensku). CRITERIA FOR INCLUSION OF STATIONS IN THE REGIONAL BASIC SYNOPTIC NETWORK

1. Introduction
2. Criteria
3. Remarks
 - 3.1 TRQ's and MRQ's
 - 3.2 Buoys
 - 3.3 Silent stations
 - 3.4 Application of the criteria

Viðauki 3

Kröfur WMO til athugana sem notaðar eru við tölvureiknaðar veðurspár

Stefna veðurathugunarteymis í veðurathugunum og veðurmælingum á vegum Veðurstofu Íslands

1 Inngangur


Í þriðju grein laga um Veðurstofu Íslands (30/1985) er fjallað um hlutverk stofnunarinnar og kemur þar m.a. fram að hún skuli „koma á fót veðurstöðvum og starfrækja þær“ (í 1. tölulið), „að safna daglega veðurskeytum, innlendum og erlendum, tiltækum veðurupplýsingum frá gervihnöttum og sjálfvirkum stöðvum, sjá um að úrvali innlendra veðurskeyta sé dreift til alþjóðanota, ... og leiðbeina um veðurskilyrði á flugleiðum og flugvöllum fyrir innanlandsflug og millilandaflug“ (í 2 tölulið), „að afla upplýsinga um hafis“ (í 3. tölulið), „að safna gögnum til rannsókna á veðurfari Íslands“ (í 5. tölulið), „að gera athuganir og mælingar á mengun í lofti og úrkomu“ (í 6. tölulið), „að annast mælingar á snjóalögum“ og rannsóknir á þeim með sérstakri hliðsjón af snjóflóðahættu, gefa út viðvaranir um hættu á snjóflóðum (í 7. tölulið). Auk þess skuli stofnunin „fylgjast með framförum og þróun í veðurfræði“ og „vinna að rannsóknum [...] er hafi það að höfuðmarkmiði að auka þekkingu á veðurfari landsins, bæta veðurþjónustuna og auka hæfni stofnunarinnar til að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála og annarra þarfa landsmanna“ (8. töluliður).

Á undanförunum árum hafa möguleikar til öflunar veðurgagna og dreifingar þeirra orðið mun fjölbreyttari en áður var. Þetta veldur því að kostnaðarforsendur og faglegar áherslur forgangsróðunar upplýsingaöflunar hnikað nokkuð frá því sem áður var. Breytingar hafa nú þegar orðið á gagnaöflun og verða meiri á næstu árum. Gæta verður þess sérstaklega að samfella athugana haldist þrátt fyrir breyttar aðstæður. Mikilvægt er að umræður eigi sér stað innan stofnunarinnar hvernig fjármunum til öflunar veðurupplýsinga sé best varið, hvernig megi nýta nýja möguleika til athugana án þess þó að mikilvæg samfella glatist og þekkingaröflun fortíðar sé stefnt í voða. Sjálfvirkar veðurmælingar munu koma í stað mannaðra veðurathugana í auknum mæli, en sums staðar er þó óhjákvæmilegt að halda í mannaðar athuganir. Mikilvægt er að Veðurstofan undirbúi sig betur í notkun og túlkun upplýsinga frá sjálfvirkum veðurstöðvum og geri sér betur grein fyrir möguleikum þeirra til vöktunar á veðri í ýmsum tilgangi.

Markmiðum veðurathugana eða öflunar veðurgagna má skipta í höfuðdráttum í fjóra þætti:

1. **Langtímavöktun veðurfars**
2. **Rauntímavöktun vegna öryggis- og afkomusjónarmiða**
 - a. Athuganir vegna veðurvaktar
 - b. Athuganir sem þáttur í alþjóðlegu gagnaflæði og þar á meðal innlegg í tölvuspár
3. **Rannsóknir á náttúrufari landsins og aukinn skilningur á ferlum sem það móta**
4. **Fræðilegar rannsóknir**

Hér verður ekki gerð grein fyrir sögu athugana, ástæðum þess að þær voru hafnar eða haldið áfram, en áhersla lögð á núverandi notkun og notkun í framtíðinni. Í þessari samantekt er heldur ekki vikið að fjarkönnun af nokkru tagi, en hún verður stöðugt öflugri og notadrygri sem tæki við mat á veðri í rauntíma.



Mynd 1. Mannaðar veðurstöðvar 1. janúar 2007

2 Skilgreiningar stöðvaflokka og stöðlun þeirra

Í fljótu bragði má flokka veðurathugunarstöðvar Veðurstofu Íslands gróflega á eftirfarandi hátt:

I) Mannaðar stöðvar


- i) SYNOP stöðvar þar sem athugað er að minnsta kosti skv. RBSN-lágmarki (Regional Basic Synoptic Network) átta sinnum á dag.
- ii) Aðrar mannaðar stöðvar, þar skal athugað er sjaldnar en þó a.m.k. þrisvar á dag og þar af alltaf kl. 9, 18 og 21, eða kl. 9, 15 og 21. Á öllum stöðvunum er gerð krafa um fullt hitamælasett (þrjár tegundir kvikasilfursmæla og sprittlágmarksmæli. Auk hitamælinga eru að lágmarki gerðar úrkomumælingar á þessum stöðvum tvisvar á dag, auk snjóhuluathugana og snjódýptarmælinga. Athuganir og mælingar á ýmsum öðrum þáttum koma til viðbótar, en þeir eru breytilegir eftir stöðvum, s.s. vindátt og metinn vindhraði, athuganir á veðri, skýjahulu, skyggni, sjólagi, sjávarhita o.fl.
- iii) Mannaðar úrkomustöðvar þar sem úrkoma er mæld einu sinni á sólarhring, sem næst kl. 9, hún flokkuð til tegundar, snjódýpt mæld og snjóhula metin.
- iv) Aðrar mannaðar stöðvar þar sem mældir eru eða athugaðir einstakir veðurþættir og falla ekki undir skilgreiningarnar að ofan.
- v) Háloftaathuganir (sem eru nú aðeins að litlu leyti mannaðar).

II) Sjálfvirkar stöðvar

- i) Grunnstöð. Mælingar á 10 mínútna fresti á hita, raka, vindátt og meðalvindhraða, auk hviðumælinga.
- ii) Grunnstöð með viðbótarmælitækjum, yfirleitt loftvog og/eða úrkomumæli, en í stöku

- tilvikum geislunarmælum.
- iii) Sjálfvirk stöð með veðurnema (veður, skyggni, skýjahula og skýjahæð). Auk þess búnaður sem fylgir grunnstöð ásamt loftvog og úrkomumæli.

Til viðbótar þessari einföldu flokkun eru gerðar jarðvegshitamælingar, mengunarmælingar (uppleyst efni í úrkomu, agnir í lofti) og fleiri mælingar og athuganir, einkum í rannsóknartilgangi eða sem hluti almennrar umhverfisvöktunar. Þá er rétt að nefna að reknir eru sjálfvirkir eldinganemar í tilgangi rannsókna en ekki síður við rauntímavöktun.



Mynd X. Sjálfvirkar veðurstöðvar 1. janúar 2007

3 Markmið veðurathugana

3.1 Langtímavöktun veðurfars

Gera verður þá kröfu að ekki verði rof á þeim athuganaröðum sem hafa verið lengi í gangi. Vitneskja um langtímabreytingar hefur úrslitaþýðingu þegar meta á eðli veðurfars og breytinga á því og þeim náttúruþáttum sem tengjast því á einhvern hátt. Verður hér nokkur grein gerð fyrir hvaða veðurþættir það eru sem mikilvægt er að sinna til framtíðar.

3.1.1 Breytingar á langtímavöktun

Flutningum og breytingum á langtímaveðurstöðvum á að halda í lágmarki eftir því sem kostur er. Reynslan sýnir að einhverjar breytingar eru óhjákvæmilegar. Mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir því hvaða afleiðingar breytingar hafa og reyni að milda áhrif þeirra sem kostur er. Almennt má þó hafa í huga að mikill þéttleiki veðurstöðva hjálpar mjög við að greina raunverulegar veðurfarsbreytingar frá öðrum þáttum. Breytingarnar eru misjafns eðlis og má hér telja nokkrar þeirra.

- i) Breytingar á skýli, án flutnings stöðvar. Gera ætti samanburðarmælingar þegar skýli er breytt. Það var gert í nokkrum tilvikum þegar hin almenna breyting úr veggskýlum til frístandandi skýla kom til framkvæmda á árunum 1948 til 1964 og reyndust mælingarnar afskaplega gagnlegar. Æskilegt væri að setja upp veggskýli með sjálfvirkum hitamæli á norðurvegg Veðurstofunnar.
- ii) „Minniháttar“ flutningur stöðvar. Dýrt er að framkvæma fullnægjandi samanburðarmælingar á mannaðan hátt, en æskilegt væri að koma upp tímabundnum sjálfvirkum samanburðarmælingum á fáeinum stöðum sem eiga mjög langar mæliraðir til þess að auðvelda mat á áhrifum flutninga, jafnvel þó þar sé ekki athugað nú. Gæta þarf að viðhaldi gagna um loftvogarleiðréttingar.
- iii) „Meiriháttar“ flutningur stöðvar. Hér er átt við flutninga milli sveitabæja, jafnvel flutning milli dala og fjarða. Helst verður dregið úr áhrifum slíkra flutninga með því að halda mælinetinu þéttu, þannig að ætíð sé hægt að brúa eyður og hnik sem myndast í tengslum við flutningana. Sjálfvirkar mælingar geta gegnt þessu hlutverki hvað varðar hita, raka og vind en mannaðar athuganir þarf á úrkomu.
- iv) Mönnum mælingum hætt, sjálfvirkar koma að nokkru í staðinn. Horfast verður í augu við það að mönnum athugunum fækki umtalsvert. Athuga þarf hnik sem af þessu stafa eins og mögulegt er. Sérstaklega þarf að athuga kerfisbundið hvort munur er á meðaltölum sjálfvirkra stöðva eftir því hvort sjálfvirkum hitamæli er komið fyrir í skýli eða utan þess.
- v) Athugunarmannaskipti. Erfitt er að koma við samanburði á athugunarmönnum, en æskilegt er að aflestrar- og matshættir þeirra séu bornir saman, eins og nokkuð hefur verið gert. Betur mætti gera grein fyrir niðurstöðum slíkra athugna.
- vi) Breyting á athugunartímum og athugunarháttum. Almenn ber að forðast breytingar af þessu tagi, en athuganaraðir hafa þó margar slíkar breytingar á bakinu, misalvarlegar. Athugunartímabreytingar geta orðið til þess að mælaskýli er opnað oftar/sjaldnar en áður og kann það að hafa áhrif á útgildi. Endurstillingar hámarks- og lágmarksmæla og breytingar á aflestartíma þeirra hafa lúmsk áhrif á mæliraðir, svipað getur einnig átt við úrkomumælingar. Stefna ber að því að finna nákvæma dægursveiflu hita á sem flestum stöðvum með uppsetningu sjálfvirkra hitamæla. Upplýsingar um dægursveiflu vantar átakanlega á sumum stöðvum.
- vii) Breytingar á skeytalyklum. Breytingar á skeytalyklum eru drjúgmargar í áronna rás, sérstaklega hafa þær áhrif á metna veðurþætti, svo sem val tölu í veðurlykli, skyggni, skýjahulu o.fl. Erfitt er að leiðrétta fyrir breytingum af þessu tagi.

Hér á eftir verða nokkur sjónarmið varðandi langtímaathuganir einstakra veðurþátta reifuð.

3.1.2 Loftþrýstingur

Daglegar loftþrýstímælingar eru til einhvers staðar á landinu allt frá 1. mars 1822 og nokkuð er til af enn eldri mælingum, allt frá 1749. Upplýsingar um loftþrýsting eru svo mikilvægar veðurvöktun að varla þarf að hafa áhyggjur af að langtímaraðir bregðist. Langtímaraðir þurfa þó að vera til frá öllum landshlutum. Langtímaupplýsingar um snöggar loftþrýstingssveiflur kunna að segja eitthvað um veðurfarsbreytingar. Mælingar hafa verið gerðar á nokkrum stöðvum á 3 klst. fresti frá því á fimmta áratugi 20. aldar og mikilvægt að slíkar þrýstingsmælingar haldist á að minnsta kosti 10 stöðvum. Það ætti ekki að vera vandamál að svo stöddu vegna þess hversu sjálfvirkar þrýstímælingar eru auðveldar. Til greina kemur að fækka kvikasilfursloftvogum.

3.1.3 Hiti

Telja má mæliraðir sæmilega öruggar á nokkrum stöðvum landsins allt frá síðari hluta 19. aldar til okkar daga, en því er ekki að neita að framhald er í sumum tilvikum í ákveðinni hættu, auk þess sem fyllri upplýsingar vantar á lykilstöðvum. Elstu hitamælingar eru frá 1749. Mjög mikilvægt er að umgangast langtímastöðvarnar af varúð og virðingu. Almennur þéttleiki mælinetsins auðveldar eftirlit með stöðvunum, auðveldara er að brúa hnik af ýmsum toga séu mælingar gerðar á nágrannastöðvum. Meira en

100 ára langar hitamæliraðir eru nú tiltækar fyrir eftirtaldar stöðvar:

Reykjavík
Stykkishólmur
Grímsey
Akureyri
Grímsstaðir á Fjöllum
Teigarhorn
Fagurhólsmýri
Stórhöfði

Raufarhöfn er einnig lykilstöð, þó svo að nokkuð vanti upp á 100 ára samfelldar mælingar.

Mælingar mega ekki undir nokkrum kringumstæðum rofna á ofantöldum stöðum og flutning stöðvar á að forðast í lengstu lög. Á sumum þessara staða er brýnt að koma upp tímabundum samfellumælingum í því augnamiði að leiðrétta hitaraðirnar ef um flutning hefur verið að ræða eða breytingar á umhverfi, s.s. með aukinni þéttbýlismyndun.

Einnig liggja meira en 100 ár af mælingum bak við nokkur svæði til viðbótar. Þau eiga það mörg sammerkt að skipt hefur verið um athugunarstað, jafnvel oftar en einu sinni. Þessi svæði eru:

Ísafjörður/Galtarviti/Bolungarvík
Þórshöfn/Skeggjastaðir/ Þorvaldsstaðir/Miðfjarðarnes
Úthérðað
Eyrarbakki
Stóri-Núpur/Hæll
Seyðisfjörður

Síðasttalda stöðin er við 100 ára markið.

Sjá þarf til þess að hitaraðir þessara staða rofni ekki að neinu sem nemur umfram nokkra mánuði í senn.

Fleiri staðir eru einnig á alvarlegum gátlista: (í gjörgæslu – mjög mikilvægir – þurfa mikillar aðgæslu)

Borgarfjörður (þarf viðbótarúrvinnslu vegna samfelluvandamála)
Gufuskálar
Hamraendar/Ásgarður
Lambavatn
Kvígindisdalur/Patreksfjörður
Gjögur/Kjörvogur/Litla-Ávík/Gjögurflugv
Kollsá/Hlaðhamar
Núpur/Barkarstaðir/Haugur
Blönduós/Hjaltaþakki/Blönduós
Hraun á Skaga
Mælifell/Nautabú
Skriðuland/Hólar/Dalsmynni
Sandur/Staðarhóll
Reykjahlíð
Möðrudalur
Fagridalur/Vopnafjörður/Skjaldþingsstaðir
Hallormsstaður
Dalatangi
Hólar í Hornafirði
Kirkjubæjarklaustur
Vík í Mýrdal
Sámsstaðir
Grindavík/Keflavíkurflugvöllur

Á öllum ofangreindum stöðvum eða svæðum er flutningur óæskilegur og sjá þarf til þess að sjálfvirkar hitamælingar verði teknar upp séu þær ekki þegar fyrir hendi.

3.1.4 Hámarks- og lágmarkshiti

Svipað á við um hámarks- og lágmarkshita og um almennar hitamælingar. Æskilegt er að hámark og lágmark sé mælt alls staðar þar sem hitamælingar eru gerðar. Mæliraðir þeirra eru þó almennt mun styttri og götóttari en hinna almennu hitamælinga, auk þess að vera ívið óvissari af ýmsum ástæðum. Vinna þarf betur úr þessum mælingum en gert hefur verið, þar með þarf að athuga frekar hvaða áhrif aflestrarhættir hafa á meðaltöl.

3.1.5 Raki

Rakamælingar eru misjafnar hér á landi og gæðaeftirlit nokkru minna en æskilegt er. Fjölga ber rakamælingum á sjálfvirkum stöðvum og sé skipt um athugunarmenn á stöð þar sem rakamælingar hafa ekki verið gerðar á að taka þær upp.

3.1.6 Vindur

Vindmælavæðing stendur nú yfir á mönnum veðurathugunarstöðvum. Óljóst er hvaða afleiðingar hún hefur gagnvart langtímaröðum vindáttu og vindhraða. Líklega er óhjákvæmilegt að mat á vindhraða og vindáttum muni fljótlega falla niður. Vegna samanburðar er æskilegt að væðingin taki nokkurn tíma. Miklar, óyfirstíganlegar ósamfellur eru í mælingum á einstökum stöðvum. Vindhraðaathuganir fyrri tíma eru einkum mikilvægar illviðratalningum og mjög æskilegt að takist að tengja þær athuganir yngri og fullkomnari vindmælingum.

3.1.7 Úrkomumælingar

Úrkomumælingar eru mjög erfiðar hér á landi þar sem bæði er land mishæðótt og verulegur hluti úrkomunnar fellur sem snjór, en margvísleg önnurvandamál hafa verið við úrkomumælingar frá upphafi þeirra hérlendis 1789. Flutningar stöðva, jafnvel litlir, geta valdið verulegri ósamfelli, sömuleiðis breytingar á mælum og mæliháttum. Rétt eins og með hitamælingarnar er mikilvægt að umgangast þær stöðvar. sem mælt hafa úrkomu hvað lengst, af varúð og virðingu. Mikilvægustu úrkomustöðvarnar eru þær sem hafa að baki lengstar samfelldar mælingar. Eftirfarandi stöðvar er mikilvægt að halda í með öllum tiltækum ráðum. Þær eiga það allar sammerkt að hafa yfir 100 ár að baki í úrkomumælingum.

Reykjavík
Stykkishólmur
Akureyri
Teigarhorn
Stórhöfði (Vestmannaeyjar)
Eyrarbakki

Gagnaraðirnar eru ekki heilar á Teigarhorni og Eyrarbakka en þarna skiptir mestu hversu snemma mælingar hófust, 1872 á Teigarhorni, eða öllu heldur Djúpavogi til að byrja með, og á Eyrarbakka 1880.

Aðrar stöðvar sem brýnt er að halda með sem minnstum breytingum á staðsetningu mælis því mælingar ná jafnframt til a.m.k. 60 ára ásamt því að gagnaraðir eru mjög heillegar:

Elliðaárstöð
Lambavatn
Æðey

Hlaðhamar
Reykjahlíð
Grímsstaðir
Raufarhöfn
Dalatangi
Hólar í Hornafirði
Kvísker
Fagurhólsmýri
Kirkjubæjarklaustur
Vík í Mýrdal
Hæll
Keflavíkurflugvöllur

Aðrar úrkomustöðvar sem brýnt er að viðhalda á sama stað eða í nágrenni hans með sjálfvirkum mælum, leggist mannaðar mælingar einhverra hluta vegna af eru:

Stardalur
Brekka
Hjarðarfell
Mjólkárvirkjun
Bolungarvík
Litla-Ávík
Brúsastaðir
Hraun á Skaga
Bergstaðir
Hjaltadalur
Skeiðsfoss
Sauðanesviti
Tjörn
Lerkihlíð
Mýri
Staðarhóll
Mánárbakki
Miðfjarðarnes
Skjaldfingsstaðir
Svínafell
Grímsárvirkjun
Seyðisfjörður
Kollaleira
Snæbýli
Vatnsskarðshólar
Skógar
Hólmar
Forsæti
Sogsvirkjanir (Írafoss)

Æskilegast er að mælt sé á sem flestum stöðvum og sem samfelldast og lengst á hverjum stað. Komi sjálfvirkar mælingar einhvers staðar alfarið í stað mannaðra verður að leggja áherslu á að mönnum mælingum sé haldið áfram sem fyrst í nágrenni fyrri athugunarstaðar. Æskilegt er að sjálfvirkum úrkomumælum í námunda við mannaða sé fjölgað eftir því sem kostur er til þess að meiri og betri samanburður fáiast. Nokkuð skortir á þekkingu á almennri úrkomudreifingu yfir landið, en fjallað verður um þann þátt í kafla 3.3 um rannsóknir á náttúrufari landsins. Í tillögum í 4. kafla verður gerð grein fyrir nokkrum mikilvægum viðbótum í úrkomumælinganetinu.

3.1.8 Sjávarhiti

Strandsjávarhitamælingar hafa lengst af verið í skötulíki síðustu 4 til 6 áratugin. Áður voru mælingar öllu samfelldari þótt þær væru gerðar á fáum stöðvum. Bagalegt yrði ef mælingarnar féllu alveg niður þar sem þó er enn mælt, þ.e. í Litlu Ávík, á Hrauni á Skaga, Raufarhöfn, í Neskaupstað og Grindavík. Þetta veldur því að ástæða er til að halda uppi athugunum á Hrauni, jafnvel þótt mæliradir þaðan séu aðeins 50 ára langar og eykur sömuleiðis á þunga Raufarhafnar í athugunarkerfinu. Æskilegt væri að fjölga þessum mælingum, en það er nokkuð kostnaðarsamt. Hugsanlegt er að einhvers staðar sé hægt að taka upp sjálfvirkar mælingar, t.d. er æskilegt að mælt yrði við Vestmannaeyjar á svipuðum slóðum og áður var gert, en mælingar þar féllu niður 1964 eftir að hafa verið samvisskusamlega stundaðar frá því um 1880. Hafrannsóknastofnun annast nú sjávarhitamælingar á sjö stöðum við landið og eru gögn þeirra aðgengileg á VÍ. Nýlega var þeim þó hætt í Vestmannaeyjum. Vegna hinnar löngu raðar sem áður er getið kemur til greina að Veðurstofan annist eða kosti sjávarhitamælingar í Vestmannaeyjum.

3.1.9 Sólskinsstundamælar

Líkur eru á að núverandi pappírssólskinsstundamælar leggist af því framleiðslu pappírsins verður hætt. Rétt er að halda þessum mælingum til streitu eins og mögulegt er, en jafnframt bæta við fleiri sjálfvirkum mælum fyrir sólskinsstundatalningu.

3.1.10 Jarðvegshiti og sólgeislun

Ekki er til nein samantekt um það hvað er til af mæliröðum þessara veðurþátta. Mælingar á stuttbylgjuinngeislun sólar og langbylgjuútgeislun jarðar eru grunnupplýsingar um náttúrufar landins. Sjá tillögur um úrbætur í kafla 3.3 um rannsóknir á náttúruferi landsins. Brýnt er að Veðurstofan komi upp tveimur fullkomnum mælitækjum til geislunarmælinga, annarri sunnanlands og hinni norðanlands, t.d. í Reykjavík og á Akureyri þar sem stundaðar hafa verið samfelldar sólskinsstundamælingar í áratugi.

3.1.11 Háloftaathuganir

Á haustmánuðum 2006 var settur upp sjálfvirkur sleppibúnaður við háloftastöðina á Keflavíkurflugvelli og er hún því orðin alsjálfvirk. Þetta hefur í för með sér að sleppingar verða nú nákvæmlega á sama tíma en reikna má með að afföll athugana vegna veðurs og bilana verði nokkru algengari en meðan um mannaða sleppingu var að ræða. Úrvinnsla mæligagna hefur verið sjálfvirk hátt á annan áratug. Með síðustu breytingu var tekin í notkun ný og fullkomnari gerð af sondum (RS92 SGP) en fyrir um ári var vindaákvörðuninni breytt úr LORAN-C mælitækni í GPS mælingu, sem er allmiklu nákvæmari en áður. Háupplausnargögnum verður komið fyrir í gagnagrunni og væntanlega einnig sendar á GTS til reiknimitstöðva veðurspálkana.

3.1.12 Metnir veðurþættir

Skýjahula hefur verið metin á fáeinum stöðvum í meir en 100 ár en ekki þarf lengi að horfa á niðurstöður til að sjá að alvarlegar ósamfellur tengdar athugunarmönnum eru nokkuð algengar. Þar sem grunur leikur á að veðurfarsbreytingar kunni að verða með þeim hætti að skýjahula og dægursveifla hennar hnikist til verður að telja mikilvægt að athugunum þessum verði haldið áfram á sem flestum stöðvum. Athuganir á skyggni og veðri eru á sama hátt mikilvægar. Varðandi þessi síðasttöldu atriði er von til þess að langtímabreytingar komi fram séu athugunarstöðvar nægilega margar, villur og hættir einstakra athugunarmanna jafnist að einhverju leyti út. Úrslitaatriði er að athuganir á veðri og skýjahulu að næturlagi falli ekki alveg niður og að mönnum næturathugunum verði haldið áfram á að minnsta kosti 8 - 10 stöðvum á landinu.

Mat á snjóhulu í byggð og í fjöllum ætti að halda áfram að gera sem víðast í tengslum við úrkomumælingar á mönnum stöðvum. Sama á við um snjódyptarmælingar. Breytingar á snjóhulu gefa vísbendingar um breytingar á veðurfari. Hér er sem fyrr mikilvægt að gera athuganir sem víðast þannig að

misjafnir athugunarmenn hafi sem minnst áhrif hver um sig.

Mat á sjólagi er gert á 11 stöðvum við sjávarsíðuna. Á síðustu árum hefur Siglingastofnun komið upp tækjum til öldumælinga á tíu duflum kringum landið og þær mælingar hafa að verulegu leyti dregið úr mikilvægi athugana á sjólagi vegna rauntímavöktunar. Vegna þess að á sumum stöðvum hafa verið gerðar samfelldar athuganir á sjólagi er brýnt að þeim verði haldið áfram og eru Stórhöfði, Raufarhöfn og Dalatangi mikilvægustu stöðvarnar í þessum tilgangi. Lítil sem enginn samanburður hefur farið fram á metnu sjólagi við sjávarsíðuna og öldumælingum Siglingastofnunar dýpra úti fyrir.

3.1.13 Almennt um þörf á veðurstöðvum vegna langtímaathugana

Að ofan voru taldar átta stöðvar á landinu þar sem mælingar mega alls ekki rofna og auk þeirra eru sjö sem þola flutning en ekki niðurfellingu. Til viðbótar eru 23 staðir þar sem mælingar hafa verið stundaðar það lengi að illverjandi er að leggja athuganir algjörlega af. Þetta eru alls 38 staðir og má segja að hvað hitamælingar og almennar langtíma veðurathuganir varðar að óæskilegt sé að heildarfjöldi stöðva, þar sem mannaðar athuganir eru gerðar að minnsta kosti þrisvar á dag, fari niður fyrir 50.

Eins og að framan sagði eru ósamfellur í úrkomumælingum víðast hvar alvarlegar. Til þess að koma til móts við þetta vandamál er eina leiðin að stöðvarnar séu nægilega margar, helst 20 til 30 í hverjum landshluta fyrir sig og ekki færri en hundrað alls. Þessi fjöldi nægir einnig til að halda viti í snjóhuluathugunum. Verði úrkomustöðvum fjölgað um 30 eða svo þarf minni áhyggjur að hafa af samfellu einstakra úrkomustöðva. Sumar úrkomustöðvarnar þurfa sérstakrar alúðar við, en verða ekki taldar hér.

Ýmislegt þarf að gera á einstökum stöðvum til að tryggja afkomu þeirra og framtíð auk upplýsingaöflunar um staðbundnar aðstæður. Fjallað verður um það síðar í þessu plaggi.

3.2 Rauntímavöktun vegna öryggis- og afkomusjónarmiða

Í grófum dráttum má skipta þörf fyrir veðurathuganir í rauntíma í þrjá flokka:

- a. Vegna alþjóðlegra þarfa sem skilgreindar eru af WMO
- b. Til að fylgjast með veðri og veðrabrigðum á því svæði sem Veðurstofu Íslands ber að vakta
- c. Til að sinna sértækum þörfum einstakra notendahópa

Þessir flokkar skarast að mörgu leyti og yfirleitt má nýta sömu athuganir til að fullnægja margs konar þörfum.

3.2.1 Alþjóðlegar skyldur

Alþjóðlegar lágmarksskyldur Veðurstofunnar miðast einkum við að skila athugunum frá RBSN- (Regional Basic Synoptic Network) og RBCN- (Regional Basic Climatological Network) stöðvum skv. reglum WMO um slíkar stöðvar. Skilyrði um RBSN-stöðvar má sjá í viðauka 2. Þær stöðvar íslenskar sem boðnar hafa verið fram til að fullnægja þessum skilyrðum eru, skv. þeim skjölum sem er að finna á vef WMO, tilgreindar í töflum 1 og 2.

Tafla 1 – Listi yfir íslenskar RBSN-stöðvar á vef WMO 19. janúar 2007. Skv. upplýsingum á síðunni var listinn síðast uppfærður 31. ágúst 2005. **S** táknar “Surface observations”, **W** “Radiowind observations” og **R** “Radiosonde observations”.

4005	BOLUNGAVIK	S
4013	STYKKISHOLMUR	S
4018	KEFLAVIK AP	S
4018	KEFLAVIK AP	W, R
4048	VESTMANNAEYJAR	S
4056	HVERAVELLIR	S
4063	AKUREYRI	S
4064	KIRKJUBAEJARKLAUSTUR	S
4077	RAUFARHÖFN	S
4082	AKURNES	S
4097	DALATANGI	S

Tafla 2 – Listi yfir íslenskar RBCN-stöðvar á vef WMO 19. janúar 2007. Skv. upplýsingum á síðunni var listinn síðast uppfærður 31. ágúst 2005.

		CLIMAT	CLIMAT TEMP	GSN	GUAN
4013	STYKKISHOLMUR	X		X	
4018	KEFLAVIK AP	X			
4018	KEFLAVIK AP		X		X
4048	VESTMANNAEYJAR	X		X	
4063	AKUREYRI	X		X	
4097	DALATANGI	X			

Æskileg skilyrði RBSN-stöðva (Target requirements, TRQ) eru að gerðar séu átta athuganir á sólarhring og að athugaður sé loftþrýstingur, vindur, hiti, raki, úrkomumagn, veður, skyggni, skýjahula og skýjahæð. Með lágmarksskilyrðum (Minimum requirements, MRQ) er slakað nokkuð á þessum kröfum, bæði með tíðni athugana og fjölda veðurþátta. Þannig gæti sjálfvirk stöð þar sem mældur er loftþrýstingur, vindur, hiti og raki staðist lágmarkskröfur. Með því að tilnefna veðurstöð sem RBSN-stöð gefur veðurstofa fyrirheit um að hún muni stefna að því að stöðin fullnægi æskilegum skilyrðum (TRQ). Nokkrar íslenskar stöðvar fullnægja flestum þessum skilyrðum en alls staðar vantar að reikna og senda út úrkomumælingu á sex tíma fresti, þ.e. kl 00, 06, 12 og 18 UTC. Á stöku stöð vantar einnig vindmæli. Það hlýtur að vera stefna Veðurstofunnar að bæta úr því

Þá þarf að tryggja að athugunum fækki ekki frá því að vera átta á sólarhring. Ef vandamál í starfsmannahaldi koma upp á einstökum stöðvum verður að leysa þau með sjálfvirkum stöðvum sem geta skilað fullnægjandi athugunum (TRQ). Til lengri tíma ætti að stefna að því að allar athuganir á þessum stöðvum verði gerðar með sjálfvirkum hætti. Hveravellir voru RBSN-stöð meðan athuganir voru gerðar þar af veðurathugunarmönnum. Stefna ætti að því að athuganir frá sjálfvirkri stöð á Hveravöllum uppfylli jafnan lágmarksskilyrði (MRQ) og að stöðin verði sem slík gerð að RBSN-stöð. Þá ætti einnig að kanna hvort einhver sjálfvirk stöð austar á hálendinu ætti ekki að bætast í þann hóp. Ein háloftastöð er á landinu, að sjálfsgöðu skilgreind sem RBSN-stöð. Skv. ítrustu óskum WMO um fjarlægð milli háloftastöðva væri æskilegt að önnur stöð væri á Norðausturlandi.

Líta má á skipaskeyti og athuganir sem safnað er frá flugvélum sem lið því að sinna alþjóðlegum þörfum. Til viðbótar þessum lágmarksskilyrðum fer WMO fram á ýmsar aðrar athuganir. Hér á eftir eru tekin saman tilmæli í fundargerð CBS XIII (23. febrúar-3. mars 2005) sem eðlilegt er að Veðurstofan verði við.

Tafla 3 – Tilmæli WMO um athuganir umfram lágmarksskilyrði, sett fram á CBS XIII snemma árs 2005. Í aftari dálki er hugmynd um hvernig Veðurstofa Íslands gæti brugðist við þessum tilmælum.

Tilmæli

Athugunum, sem gerðar eru miklu tíðar en á 3 klst. fresti, ætti að dreifa ekki sjaldnar en á klukkustundar fresti.

Æskilegt er að dreifa athugunum frá staðbundnum, þéttum athugananetum, svo sem ratsjár, vind- og úrkomumælingum; einnig jarðvegshita, jarðvegsraka og athugunum frá öldudufllum.

Óskað er eftir að háloftaathuganir verði sendar með fullri lóðréttri upplausn, ekki aðeins hefðbundnir fletir.

Óskað verður eftir að gögn frá tiltækum óson-sondum verði send á GTS í rauntíma.

Lausn

Auðvelt er að safna saman athugunum frá þeim sjálfvirku stöðvum sem hafa loftvog og senda á klukkustundarfresti.

ECMWF hefur margsinnis óskað eftir að fá sendar jarðvegshitamælingar frá a.m.k. einni stöð á Íslandi, það hlýtur að vera auðvelt að verða við því. Athuga með radargögn seinna þegar þau hafa verið kvörðuð.

Verður væntanlega auðvelt þegar farið verður að senda háloftaskeyti í BUFR.

Athuga hvort ósonathuganir frá Keflavíkurflugvelli henta.

Auk þessara tilmæla er lögð áhersla á mikilvægi ASAP (Automated Shipboard Aerological Programme), AMDAR (Aircraft Meteorological Data Relay) og rekdufl í rauntímavöktun veðurs. Nú eru sendar klukkustundarathuganir frá 12 sjálfvirkum stöðvum sem allar senda loftþrýsting, hita, raka og vind en nokkrar mæla líka úrkomu. Hana mætti senda líka en þar skortir eitthvað á forritun til að það sé hægt. Reiknað er með að Vaisala hafi þróað BUFR-kóða fyrir háupplausnar háloftaskeyti á árinu 2007

3.2.2 Vöktun á spásvæðum Veðurstofu Íslands

Gera verður þær kröfur til veðurathugana í rauntíma að þær fullnægi eftirtöldum kröfum:

Tafla 4 – Kröfur sem gera verður til veðurathugana vegna rauntímaþjónustu.

Krafa til veðurathugana

Dugi til að gefa samfellda, trausta og ítarlega heildarmynd af því hvernig veðrið er í hverjum landshluta (spásvæði) hverju sinni.

Dugi til að gera vart við breytingar á veðri jafnskjótt og þeirra gætir.

Lýsi þeim veðurþáttum sem flestir notendahópar þurfa á að halda

Hvað þarf til?

Athugunarstöðvar séu nægilega margar og þannig staðsettar að dæmigert veður svæðisins komi fram á stöðvunum.

Hluti veðurathugunarstöðva á hverju svæði skili athugnum mjög þétt, helst oftar en á klukkustundar fresti.

Gætt sé að því að öllum nauðsynlegum veðurþáttum sé sinnt á fullnægjandi hátt

Til að gera veðurlýsingar og veðurspár auðveldari og markvissari hefur landinu verið skipt í spásvæði. Það er því eðlilegt að gera þá kröfu til veðurathugana, sem á að nýta til að vakta veður á landinu, að þær dugi til að gera samfellda lýsingu á dæmigerðu veðri á hverju spásvæði. Það er svo annað mál og erfiðara að meta hversu langt á að ganga í að fylgjast með staðbundnum og/eða tímabundnum frávikum frá dæmigerðu veðri. Þau mál verður að skoða í nánú samhengi við þarfir einstakra notenda veðurupplýsinga. Það þarf að hafa í huga að ekki er víst að athugunarstöðvar, sem settar eru upp til að sinna þörfum einstakra notenda, henti vel til að lýsa dæmigerðu veðri. Talsvert hefur verið sett upp af slíkum sjálfvirkum stöðvum á undanförunum árum. Vegagerðin rekur þannig fjölmargar stöðvar. Einnig Siglingastofnun sem og hafnir á nokkrum stöðum á landinu. Nánar verður vikið að veðurstöðvarekstri annarra síðar. Rétt er að geta þess að Veðurstofan rekur stöðvar til veðurmælinga vegna snjóflóðaeftirlits og aðrar mælingar í rauntíma í sérhæfðum tilgangi mætti einnig tína til. Þótt þessar stöðvar skili vissulega mikilvægum upplýsingum er vert að hafa í huga að það er ekki endilega sjálfgefið að þær geti komið í stað stöðva sem ætlað er að hafa almennt notagildi. Margt kemur þar til, svo sem staðsetning stöðvar. Taka má dæmi af snjóeftirlitsstöð uppi í miðri fjallshlíð eða veðurathugunarstöð yst á hafnargarði. Slíkar stöðvar hafa sérhæft notagildi og koma því ekki í stað stöðvar sem ætlað er að hafa almennt notagildi. Nokkuð þétt


net sjálfvirkra stöðva, sem settar eru upp í ólíkum tilgangi, skilar þó vissulega að samanlögðu betri upplýsingum í rauntíma og til vöktunar á veðri heldur en mjög fáar stöðvar, jafnvel þótt þær kunni að vera vel staðsettar. Veðurstofan þarf í þessu sambandi að huga að gloppum á landinu í sjálfvirka stöðvanetinu. Net sjálfvirkra stöðva til að lýsa dæmigerðu veðri eftir spásvæðum hefur þést til muna á síðustu árum samfara fækkun mannaðra SYNOP-stöðva. Sérstaklega þarf að huga að hálendinu, en þar hefur Veðurstofan verið í samstarfi við Landsvirkjun, sem rekið hefur allmargar stöðvar og Veðurstofan haft aðgang að í rauntíma.

Upplýsingar um metna veðurþætti fást, enn sem komið, er eingöngu frá mönnum veðurathugunarstöðvum (SYNOP) sem senda veðurskeyti sem, auk annars, innihalda upplýsingar um metna veðurþætti s.s. skýjafar, skyggni og veður. Mönnum stöðvum hefur farið fækkandi. Gæta þarf þess að sú þróun verði ekki til þess að frá stórum landsvæðum fái engar veðurupplýsingar langtímum saman. Einkum er mikilvægt að betri mynd en nú er fái af veðrinu snemma morguns með veðurathugunum kl. 6. Í töflu og mynd hér á eftir má sjá hvernig þessar athuganir skiptast á spásvæði og athugunartíma:

Tafla 5 – Fjöldi SYNOP-athugana frá mönnum stöðvum eftir spásvæðum og athugunartíma í ársbyrjun 2007.

Spásvæði\klukka	'00	'03	'06	'09	'12	'15	'18	'21	Samtals
Faxaflói	2	2	2	4	4	3	4	4	25
Breiðafjörður	1	1	2	3	2	1	3	3	16
Vestfirðir	1	1	2	3	2	3	3	2	17
Str. og Norðurl. vestra	2	0	4	5	5	4	5	5	30
Norðurland eystra	3	2	3	7	5	5	7	7	39
Austurland að Glettingi	1	1	2	3	2	2	3	3	17
Austfirðir	1	1	1	1	1	1	1	1	8
Suðausturland	3	2	3	4	3	2	4	4	25
Suðurland	3	1	3	5	4	4	5	5	30
Miðhálandið	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	17	11	22	35	28	25	35	34	207

Mynd 3 – Mannaðar skýtastöðvar.



3.2.3 Sértækar þarfir og mælingar annarra

Veðurstofan þarf að marka sér skýrari stefnu þess efnis hvert hlutverk hennar sé í að fylgjast með staðbundnum frávikum frá ríkjandi veðri eða til að sinna þörfum tiltekinna notendahópa. Eins og áður var minnst á hafa ýmsir aðilar ráðist í að setja upp eigin stöðvar og hafa myndað utan um þær heilu upplýsingakerfin. Nægir að nefna Vegagerðina, Siglingastofnun og Flugmálastjórn í því sambandi.

Vegagerðin hefur sett upp fjölmargar sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar við þjóðvegi landsins og hefur komið á fót upplýsingakerfi á vef, í símsvara og á ljósaskiltum við vegi til að miðla athugunum frá þessum stöðvum. Vegagerðin hefur sýnt því mikinn áhuga að fá veðurspár fyrir vegi landsins til að birta í sínu kerfi. Siglingastofnun lætur sig varða öryggi á sjó og hefur sett upp sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar við vita og nokkur öldumælingadufl með ströndum landsins. Siglingastofnun hefur einnig komið sér upp upplýsingakerfi um veður og sjólag og birtir þar upplýsingar frá fjölmörgum veðurstöðvum, auk upplýsinga sem byggðar eru á tölvureiknuðum veður- og ölduspám sem fengnar eru frá Veðurstofunni. Siglingastofnun fer með framkvæmd áætlunar um öryggi sjófarenda í samvinnu við samgönguráðuneytið, Landsbjörg, Landhelgisgæslu og samtök útgerða og sjómanna. Veðurstofan kemur þar hvergi nærri en Siglingastofnun annast þau mál sem tengjast veðri og sjólagi.

Flugmálastjórn annast veðurathuganir á flugvöllum landsins, bæði manngerðar athuganir og með allfullkomnum sjálfvirkum stöðvum. Veðurstofan hefur ekki fullan aðgang að öllum þessum athugunum. Eftir skipulagsbreytingar hjá Flugmálastjórn í kjölfar nýrrar löggjafar mun öll þjónusta við flug, þar með talin veðurþjónusta, verða á hendi stjórnvalds sem velur þjónustuaðila (Service Provider) til hinna ýmsu verka úr hópi þeirra sem fengið hafa fullgilda vottun.

Stefna Veðurstofunnar í veðurathugunarmálum hlýtur óhjákvæmilega að taka mið af því sem gerist hjá þessum stofnunum. Í tilviki Flugmálastjórnar verður þar um að ræða lögformlegt stjórnvald um flugveðurþjónustu og það er ekki alveg sjálfsgefið að Veðurstofan muni verða valin sem þjónustuaðili.

Auk þeirra notendahópa, sem þessar þrjár stofnanir sinna í sívaxandi mæli og hafa verið taldir helstu notendur þjónustu Veðurstofunnar og þar með talið veðurmælinga hennar, má nefna eftirfarandi notendahópa: Bændur, þeir sem sinna verklegum framkvæmdum af ýmsu tagi, skipulagsyfirvöld, þeir sem fylgjast með hættu á ofanflóðum og ferðamenn. Einnig almenningur sem þarf á veðrupplýsingum að halda í margvíslegum tilgangi, en vitanlega í mismiklum mæli. Einstakir notendahópar geta verið háðir veðri í athöfnum sínum á ólíkan hátt. Í töflu 6 má sjá hvaða veðurþáttum einstakir hópar eru háðir en gera má ráð fyrir að þeir þurfi á viðvörðunum að halda ef þessir veðurþættir fara verulega og /eða óvænt yfir tiltekin mörk. Í sumum tilvikum þarf að vara við fyrirbærum sem geta verið afleidd af einum eða fleiri veðurþáttum, t.d. kviku í lofti.

Tafla 6. Stöðvar sem eru mikilvægar fyrir einstaka notendahópa

	Vindur	Hiti/raki	Skyggni	Ský	Úrkoma	Eldingar	Lofþrýstingur	Snjóalög	Hafís	Sjólag
Öryggi á sjó/sjósókn/sjávarflóð	x	x	x				x		x	x
Flugveður	x	x	x	x	x	x	x			
Ferðalög á landi/fjöllum	x	x	x		x			x		
Snjóflóð/skriðuföll	x	x			x			x		
Verklegar framkvæmdir, þ.m.t. landbúnaður	x	x			x	x		x		

3.2.4 Veðurathuganir vegna reiknilíkana

Þarfir fyrir veðurathuganir vegna reiknilíkana eru mismunandi eftir eðli líkananna. Þar ræður mestu upplausn líkananna í tíma og rúmi. WMO hefur skilgreint þarfir vegna hnattrænna líkana (skammdrægar og meðaldrægar spár) og þar er einnig höfð nokkur hliðsjón af þörfum svæðisbundinna líkana, annarra en fínskalalíkana (mesoscale). Þörfin fyrir athuganir ræðst einnig nokkuð af þeirri greiningartækni sem er í

boði. Fyrir fáeinum árum var þrívíð gagnahermin allsráðandi og dæmigerð lárétt upplausn 50-100 km. Nú er fjórvið gagnahermin notuð æ víðar en af því leiðir að hægt er að bæta að hluta fyrir gisið net veðurathugunarstöðva með athugunum sem eru þéttar í tíma. Það, ásamt því að möskvastærð líkananna er nú fremur á bilinu 10-25 km, leiðir til þess að líta verður á þær kröfur, sem skilgreindar voru fyrir fáeinum árum, fremur sem algjörar lágmarkskröfur en æskilegar kröfur.

Í þremur töflum í viðauka 3 má sjá hvaða kröfur eru gerðar til athugana vegna tölvureiknaðra veðurspáa í riti WMO nr. 485, „*Manual on the Global Data-Processing and Forecasting System*“ (viðbót 2005), og er þar miðað við aðstæður árið 2000.

Það hlýtur að vera stefna Veðurstofu Íslands að þær athuganir, sem hún leggur til alþjóðasamfélagsins, eigi helst að uppfylla ströngustu kröfur og séu eins ítarlegar og kostur er. Það ætti því að fara yfir töflurnar í viðauka 3 með það fyrir augum að finna á hvern hátt þau veðurskeyti, sem héðan eru send, geti fullnægt þeim kröfum sem þar eru gerðar. Þar má t.d. huga að eftirfarandi atriðum:

Þrívíðar athuganir:

- Auka lóðréttu upplausn á vind-, hita- og rakamælingum í háloftaskeytum. Það ætti að verða auðvelt um leið og nýr BUFR-skeytalykill verður tekinn í notkun.
- Kanna hvort mælingar á ósoni og loftmengun eru til á því formi að hægt sé að senda þær í skeytum.

Athuganir við yfirborð jarðar:

- Hugsa að þéttleika athugana í tíma og rúmi og einnig hversu fljótt þær eru aðgengilegar notendum og reyna að bæta úr því sem kynni að vera ábótavant.
- Kanna hvaða veðurþættir, aðrir en nú er að finna í skeytum, gætu komið að gagni. Þar má t.d. líta á úrkomu, jarðvegshita, snjóhulu og snjódypt. ECMWF (European Center for Medium-Range Weather Forecasts) hefur ítrekað óskað eftir að upplýsingar um jarðvegshita séu sendar frá a.m.k. einni stöð á Íslandi.

Þegar að því kemur að líkan verður keyrt hér á landi með gagnahermin og greiningu er langlíklegast að þar verði um fínskalalíkan að ræða. Slík líkön þurfa annars konar og væntanlega enn ítarlegri veðurathuganir. Ekki verður fjallað um það hér en ljóst er að efla þarf veðurathugananetið ef slíkar líkanakeyrslur eiga ekki að líða fyrir skort á grunnupplýsingum.

3.3 Athuganir í þágu rannsókna á náttúrufari landsins

Í gagnasöfnum Veðurstofunnar liggja fyrir ómetanlegar upplýsingar um náttúrufar á Íslandi. Þær upplýsingar nýtast við margvíslegar rannsóknir, jafnt hagnýtar sem grunnrannsóknir. Þessar upplýsingar hafa orðið til með ýmsum hætti. Langtímavöktunin hefur lagt til stærsta skerfinn. Veðurathuganir, sem gerðar hafa verið vegna öryggissjónarmiða um lengri eða skemmri tíma á hverjum stað, hafa í gegnum tíðina lagt til drjúgan skerf dýrmætra gagna, jafnvel þó svo að höfuðtilgangur hafi verið rauntímavöktun veðurs. Til eru góð og samfelld gögn frá fjölda sjálfvirkra mælistaða, einkum á hita, vindi og raka, en þær ná um 15 ár aftur í tímann. Veðurstofunni hefur verið falið að annast mælingar um tiltekinn tíma vegna verklegra framkvæmda. Gögn þeirra mælinga geta einnig komið að margvíslegu gagni í þágu rannsókna á náttúrufari landsins, jafnvel þó svo að um stuttar tímaraðir sé að ræða. Mestu skiptir að góðar langtímaraðir mælinga séu aðgengilegar og notaðar til viðmiðunar þegar skemmri mælingar eru túlkaðar staðbundið. Tilgangur langtímavöktunar er að meta eðli veðurfars, breytinga á því og þeim náttúruþáttum sem tengjast því. Verulegur hluti gagna Veðurstofunnar tengist langtímavöktuninni, en til viðbótar henni er æskilegt að afla frekari upplýsinga á nokkrum sviðum með athugunum og mælingum. Þau helstu eru talin hér að neðan:

- i) Allt of litlar almennar upplýsingar liggja fyrir um geislunar- og orkubúskap yfirborðs landsins

og loftþjúpsins yfir því. Kanna þarf leiðir til úrbóta og er líklegast að notkun fjarkönnunargagna sé einna áhrifamest, en ef vel á að vera er einhverrar kvörðunar þörf. Koma þarf upp tveimur stöðvum til ítarlegri geislunarmælinga, annarri í Reykjavík og hinnar á Akureyri.

